

Skólasel 2023-2024

Boðið er upp á vistun fyrir nemendur í 1. – 4. bekk, frá því að skóladegi þeirra lýkur til kl: 16:00 fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudaga til fimmtudaga og sjá foreldrar um að sækja börnin í lok dags. Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu skólasels þurfa að sækja um fyrir barn/ börn sín hjá ritara skólans, ritari@fludaskoli.is. Umsjónarmaður skólaselsins er Orri Ellertsson orri@fludaskoli.is en auk hans starfa þar Heiða Snorradóttir og Ann Winter.

Á mánudögum er heimakstur kl. 13:30 og frá skólalokum kl.12:50 til 13:30 er skólasel gjaldfrjálst. Þeir sem kjósa að hafa börn sín áfram í skólaseili á mánudögum eftir 13:30, skrái þau hjá ritara.

Verðskrá fyrir vistun í skólaseilinu árið 2023 er:

Klukkutíminn = 400 kr.

Síðdegishressingin = 140 kr.

Skráning fer fram hjá ritara Flúðaskóla á netfangið ritari@fludaskoli.is

Reglur og gjaldskrá fyrir skólasel Flúðaskóla

1. gr.

Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólasels þurfa að sækja um fyrir barn/ börn sín hjá ritara skólans. Ef barn ætlar að hætta í Skólaseili skal berast tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/ forráðamanni til ritara skólans. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1- 4 daga í Skólaseili á viku. Skólaseilið er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Flúðaskóla.

2. gr.

Í Skólaseili gilda skólareglur Flúðaskóla. Vinnudagar í Skólaseili eru þeir sömu og nemendadagar í Flúðaskóla. Opnunartími er frá því skóla lýkur frá mánudegi – fimmtudags til kl. 16:00 alla daga. Gjald fyrir vistun í Skólaseili er bundið vísitölu neysluverðs miðað við 1. desember ár hvert og uppfæriskt 1. janúar ár hvert. Gjaldskrá má finna á heimasíðu Flúðaskóla.

3. gr.

Hrunamannahreppur sendir greiðsluseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra.

Tilkynna þarf forföll til umsjónarmanns Skólasels. Umsjónarmaður heldur dagbók yfir þá sem nýta selið. Sími í Skólaseili er 480-6618.

5. gr.

Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö eða fleiri börn í Skólaseili er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barn og hvert barn þar á eftir.